

Ágæti viðtakandi

Reykjavík, 11. febrúar 2021
UST202001-494/I.M.B.
09.03

Efni: Kynning á breytingum á auglýsingu nr. 367/2020 um verndarsvæði á Norðausturlandi– háhiti Gjástykkissvæðis í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar

Umhverfisstofnun kynnti tillögu að friðlýsingu verndarsvæðis á Norðausturlandi – háhiti Gjástykkissvæðis í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar þann 24. júlí 2019 og var veittur frestur til 30. október 2019 til að skila athugasemdum. Í kjölfarið vísaði stofnunin tillögu að friðlýsingu svæðisins til umhverfis- og auðlindaráðherra til staðfestingar. Þann 1. apríl 2020 undirritaði umhverfis- og auðlindaráðherra friðlýsingu Gjástykkissvæðis í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar sbr. auglýsing nr. 367/2020 í B-deild Stjórnartíðinda.

Eftir staðfestingu friðlýsingarinnar kom í ljós að leiðrétta þarf ákvæði 4. gr. auglýsingarinnar um mannvirkjagerð og orkurannsóknir þar sem ákvæðið tekur ekki til rafafls heldur einungis varmaafls. Með vísan í 3. mgr. 3. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 leggur Umhverfisstofnun nú fram til kynningar breytingar á 4. gr. um mannvirkjagerð og orkurannsóknir í auglýsingu nr. 367/2020 um verndarsvæði á Norðausturlandi – háhiti Gjástykkissvæðis í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar.

Ákvæði 4. gr. auglýsingar nr. 367/2020 er svohljóðandi:

Orkuvinnsla varmaafls með uppsett varmaafll 50 MW eða meira innan marka svæðisins er óheimil. Ekki er heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum eða orkuvinnslu á verndarsvæðinu vegna virkjunar jarðvarma með uppsett varmaafll 50 MW eða meira.

Tillaga að breyttu ákvæði auglýsingarinnar er svohljóðandi:

Orkuvinnsla varmaafls með uppsett varmaafll 50 MW eða meira og *jarðvarma með uppsett rafafll 10 MW eða meira* innan marka svæðisins er óheimil. Ekki er heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum eða orkuvinnslu á verndarsvæðinu vegna virkjunar jarðvarma með uppsett varmaafll 50 MW eða meira og *virksunar jarðvarma með uppsett rafafll 10 MW eða meira*.

Önnur ákvæði auglýsingarinnar eru óbreytt.

Kynning á breytingum auglýsingarinnar er unnin í samræmi við þá málsmeðferð sem lýst er í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í málsmeðferðinni felst að Umhverfisstofnun skal gera drög að friðlýsingarskilmálum og leggja fyrir landeigendur og aðra réttihafa lands, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta.

Frestur til að skila athugasemdum við breytingartillöguna er til og með 31. mars 2021. Að kynningartíma loknum tekur Umhverfisstofnun saman umsögn um framkomnar athugasemdir við breytingunni og vísar tillögu að breytingu auglýsingar til ráðherra.

Athugasemdum skal skilað á heimasíðu Umhverfisstofnunar, www.ust.is, með tölvupósti á netfangið ust@ust.is eða með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að innsendar athugasemdir eru hluti af stjórnarsýslumáli og kunna að verða afhentar þriðja aðila, sé þess óskað, í samræmi við upplýsingalög nr. 140/2012.

Frekari upplýsingar veita undirritaðar í síma 591-2000 eða á netföngunum frejap@ust.is og hildurv@ust.is.

Virðingarfyllst

Hildur Vésteinsdóttir
sviðsstjóri

Freyja Pétursdóttir
sérfræðingur